

Hvað gerist þegar þú flytur til annarra Norðurlanda? Hvaða réttindi og skyldur hefur þú?

- Þegar þú flytur til annars norræns lands, verður þú að tilkynna flutninginn til þjóðskrár í því landi sem þú flytur frá.
- Þjóðskrá í landinu sem þú flytur til úthlutar þér innlenda kennitölu í nýja búsetulandinu. Þetta númer notar þú í samskiptum við opinberar stofnanir í landinu, í tengslum við skatta, lífeyri, almannatryggingar o.fl.
- Þú nýtur almannatrygginga í því landi sem þú býrð í, ef þú starfar ekki í öðru landi
- Ef þú ert launþegi, nýtur þú almannatrygginga í þínu nýja starfslandi. Þetta gildir jafnvel þótt þú flytjir ekki til landsins, en búir áfram í öðru norrænu landi. Það er vegna þess að reglurnar í Norðurlandasamningnum um almannatryggingar fylgja sömu reglum og EB/EES reglurnar.
- Þú og maki þinn og börn öðlist rétt á almannatryggingabótum í nýja búsetulandinu eða nýja starfslandinu, á sama hátt og ríkisborgarar þess lands. Það er vegna reglnanna í Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Athugið að reglurnar, bótategundir og bótaupphæðir geta verið mismunandi frá einu landi til annars. Löggjöfin á þessu sviði er ekki alveg eins í norrænu löndunum.
- Ef þú er háður því að fá bætur eða aðstoð samkvæmt löggjöfinni um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, átt þú rétt á slíkri aðstoð í því landi þar sem þú sest að í, á sama hátt og ríkisborgarar þess lands. Það er vegna Norðurlandasamningsins um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.
- Það eru reglur um þjóðskrár í landinu sem þú flytur til sem ákvarða hvort þú teljist búsettur þar.
- Ef þú ert lífeyrisþegi átt þú rétt á því að taka með þér lífeyrinn sem þú færð greiddan fyrir flutninginn, við flutning til annars norræns lands. Það sama gildir ef þú flytur til annars EB/EES lands. Það er vegna þess að reglurnar í Norðurlandasamningnum um almannatryggingar fylgja sömu reglum og EB/EES reglurnar.

Ferðamenn og einstaklingar sem dvelja tímabundið í öðru norrænu landi

Þegar þú ert búsettur í norrænu landi og ert ferðamaður eða í heimsókn í öðru norrænu landi, átt þú rétt á heilbrigðisþjónustu vegna veikinda á sömu kjörum og íbúar þess lands.

Starf í öðru norrænu landi eða í EB/EES landi

Þeir sem hefja störf í öðru norrænu/EB/EES landi falla undir almannatryggingakerfi þess lands, jafnvel þó að ekki sé flutt til landsins. Almannatryggingaverndin í því landi sem búð er í, hættir að gilda um leið og almannatryggingakerfið í nýja starfslandinu tekur yfir.

Þegar flutt er til annars norræns/EB/EES lands og störf hafin þar hættir almannatryggingaverndin í landinu sem þú flytur frá að gilda og þú nýtur þess í stað almannatrygginga í nýja landinu. Réttindi þín og skyldur eru í samræmi við löggjöf í nýja landinu.

Þegar þú starfar og býrð í einu landi og starfar samtímis í öðru landi, heldur þú áfram að njóta almannatrygginga í landinu sem þú býrð í.

Þegar þú hefur störf í Svíþjóð, Finnlandi eða Danmörku, verður þú að sækja um aðild að atvinnuleysissjóði til þess að öðlast rétt á atvinnuleysisbótum, komi til atvinnuleysis. Í

Noregi er ekki þörf á að sækja um aðild að atvinnuleysistryggingum, þar sem þær eru hluti af norska almannatryggingakerfinu (folketrygden).

Ef kemur til algjör atvinnuleysis þegar búíð er í einu landi og starfað í öðru gilda sérstakar reglur sem fela það í sér að þú hefur rétt á atvinnuleysisbótum í því landi þar sem þú býrð.

Dæmi 1:

Johan býr í Svíþjóð og starfar í Danmörku. Hann er aðili að dönskum atvinnuleysissjóði. Ef hann verður atvinnulaus í Danmörku þarf hann að skrá sig í atvinnuleit hjá vinnumiðluninni í Svíþjóð og sækja einnig um atvinnuleysisbætur þar. Sænski atvinnuleysissjóðurinn skal taka tillit til starfs hans og aðildartímabils hans í Danmörku, þegar ákvarðað er hvort hann hafi rétt á atvinnuleysisbótum í Svíþjóð eða ekki.

Við veikindi færðu sjúkrabætur í samræmi við lög í því landi sem þú starfar í.

Dæmi 2:

Kalle býr í Svíþjóð og hefur störf hjá norskum vinnuveitanda í Noregi. Hann nýtur nú norskra almannatrygginga en ekki sænskra, þó að hann búi áfram í Svíþjóð. Hann vinnur sér inn rétt til lífeyris í Noregi og allra annarra bóta sem felast í norska almannatryggingakerfinu. Þurfi hann á heilbrigðisþjónustu að halda, getur hann valið um hvort hann vill þiggja hana í því landi sem hann býr í eða því landi sem hann starfar í.

Dæmi 3:

Minna flytur frá Helsinki til Kaupmannahafnar til þess að hefja störf hjá dönskum vinnuveitanda. Þar sem hún flytur til Danmerkur til að hefja þar störf heyrir hún ekki lengur undir finnska almannatryggingakerfið en heyrir að öllu leyti undir danska almannatryggingakerfið.

Dæmi 4:

Erkki býr og starfar í Finnlandi. Hann er ekki í fullu starfi og þess vegna sækir hann einnig um starf hjá sænskum vinnuveitanda í Svíþjóð, sem hann fær. Þar sem hann starfar einnig í því landi sem hann býr í er hann að fullu tryggður af almannatryggingakerfinu þar þó hann starfi í tveimur löndum. Sem sönnun á því skal Erkki útvega eyðublaðið E 101 frá Finnlandi. Hann sleppur þá við að greiða tryggingagjöld í Svíþjóð.

Sænski vinnuveitandi Erkki á að greiða tryggingagjöld atvinnurekanda vegna hans til Finnlands.

Útsent vinnuafi

Ef vinnuveitandi þinn sendir þig til annars norræns/EB/EES lands til þess að sinna starfi þar í takmarkaðan tíma á hans kostnað heldur þú áfram að njóta almannatrygginga í landi vinnuveitandans.

Sem sönnun á því að þú sért sendur út skal landið sem þú ert sendur frá gefa út eyðublað E 101. Þá sleppur þú við að greiða tryggingagjöld í landinu sem þú starfar í tímabundið og vinnuveitandinn heldur áfram að greiða tryggingagjöld atvinnurekanda í landinu sem þú ert sendur frá.

Barnafjölskyldur

Barnafjölskyldur sem flytja til annars norræns/EB/EES lands njóta almannatrygginga í nýja búsetulandinu. Þið öðlist rétt á fjölskyldu- og foreldragreiðslum í landinu sem þið flytjið til skv. löggjöf þess. Fjölskyldu- og foreldragreiðslur geta verið mismunandi frá einu landi til annars, bæði hvað varðar upphæð greiðslna og hvers konar bætur eru fyrir hendi.

Ef þú er launþegi í einu norrænu/EB/EES landi og býrð í öðru norrænu/EB/EES landi, ásamt maka og börnum, eigið þið rétt á barnabótum og öðrum fjölskyldubótum frá starfslandi þínu. Ef bara annað foreldranna er í starfi, er það fyrst og fremst starfslandið sem á að greiða þessar bætur. Ef samsvarandi bætur eru hærrí í búsetulandi barnsins, á búsetulandið að greiða mismuninn.

Ef báðir foreldrarnir eru í starfi og vinna hvort í sínu landinu, er það starfslandið sem fjölskyldan býr í, sem á fyrst og fremst að greiða fjölskyldubæturnar. Hitt starfslandið á að greiða mismuninn ef fjölskyldubætur þess eru hærrí.

Á þennan hátt er það tryggt að fjölskyldan fær þá upphæð sem samsvarar hæstu fjölskyldubótunum.

Ef þið fáið foreldragreiðslur í landinu sem þið flytjið frá, þegar flutningur á sér stað, geta greiðslurnar fallið niður. Um þetta gilda ólíkar reglur á Norðurlöndunum.

Dæmi 1:

Ole og Hilde eiga tvö börn, 1 og 3 ára. Þau flytja frá Svíþjóð til Noregs.

Í Svíþjóð fékk Hilde barnabætur og foreldrastyrk, jafnvel þótt hún hafi ekki verið í vinnu áður en hún

eignaðist sitt yngsta barn. Eftir að þau fluttu til Noregs er Hilde áfram heimavinnandi og hugsar sjálf um börnin heima.

Við flutningana falla bætunarnar frá Svíþjóð niður og hún fær í staðinn fjölskyldubætur frá Noregi. Það er að segja barnabætur (sambærilegt við sænskar barnabætur) og heimgreiðslu sem eru bætur sem eru veittar vegna barna á aldrinum 1 til 3 ára ef þau ganga ekki í opinberan leikskóla.

Dæmi 2:

Per og Marie búa í Svíþjóð, en Per starfar í Noregi. Per nýtur því almannatrygginga í Noregi. Þegar Marie eignast síðan barn, getur Per ekki fengið feðraorlof greitt því Marie hefur ekki starfað í Noregi og öðlast réttindi til foreldrastyrks þar. Það er bara ef Marie hefur störf eða fullt nám eða verður veik, þannig að hún getur ekki annast barnið, að Per öðlast rétt á feðraorlofi greitt af norsku almannatryggingunum.

Námsmenn

Þegar þú ráðgerir að hefja nám í öðru norrænu landi, skaltu fyrst hafa samband við tryggingayfirvöld í þínu búsetulandi. Þegar þú ert aðeins námsmaður en ekki í vinnu, fellur þú undir almannatryggingakerfið í því landi þar sem þú ert skráður búsettur. Það fer eftir reglum Þjóðskrár í viðkomandi landi, hvort þú telst vera búsettur í landinu eða ekki.

Þú getur fundið frekari upplýsingar um þjóðskrár á Norðurlöndunum á www.nordisketax.net.

Þú átt rétt á heilbrigðisþjónustu í samræmi við reglur í búsetulandinu. Þú átt einnig rétt á nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu í námslandinu á sömu kjörum og íbúar þess lands. Um námsstyrki, lán og styrki gilda sérstakar reglur.

Ef þú hefur störf í því landi þar sem þú stundar nám nýtur þú vanalega almannatrygginga í því landi, óháð því hvar þú ert skráður. Sjá kaflann „Starf í öðru landi“.

Dæmi 1:

Tanja frá Finnlandi vill bæta kunnáttu sína í sænsku og hefur því skráð sig í skiptinám hjá háskóla í Svíþjóð. Námið mun vara í eitt misseri, eða 4 – 5 mánuði.

Hún nýtur finnskra almannatrygginga á námstímanum í Svíþjóð, þar sem hún er skráð í Finnlandi, einnig meðan hún stundar nám í Svíþjóð. Húnætti þó samt að láta Tryggingastofnunina í Finnlandi (FPA) vita af því að hún stundar nám í Svíþjóð. FPA gerir skriflega ákvörðun í málinu. .

Dæmi 2:

Anders frá Svíþjóð hefur sótt um og fengið inngöngu í háskóla í Finnlandi. Hann ráðgerir að stunda allt námið í Finnlandi. Áætlaður námstími er 3 ár.

Hann á að skrá sig búsettan í Finnlandi í Þjóðskrá Hann fellur undir finnsk lög. Hann telst ekki búsettur í Svíþjóð á sama tíma. Hann getur þó fengið námsstyrk frá Svíþjóð.

Ellilífeyrisþegar

Þótt þú búir í öðru norrænu/EB/EES landi en því landi þar sem þú hefur áunnið þér rétt til lífeyris getur þú sótt um lífeyri og fengið hann greiddan. Umsóknina á að leggja fram hjá stjórnvöldum almannatrygginga í búsetulandinu.

Ef flutt er frá einu norrænu landi til annars norræns/EB/EES lands fær maður áfram greiddan ellilífeyri frá tryggingarstofnun landsins þar sem réttur til lífeyris ávannst.

Þetta á líka við um Færeyjar og Grænland. Lífeyririnn er áfram greiddur á grundvelli reglnanna í landinu þar sem rétturinn ávannst. Lífeyrisupphæðin breytist ekki þótt maður flytji. Það gilda sérstakar reglur þegar flutt er á milli Danmerkur, Færeyja og Grænlands.

Hugsanlegar viðbótargreiðslur, sem eru tengdar framfærslukostnaði, t.d. húsnæðisstyrkur, greiðast af stjórnvöldum í búsetulandinu eftir reglunum sem þar gilda.

Ellilífeyrisþegar eiga rétt á læknishjálpi, sjúkrahúsvist, umönnun o.fl. í búsetulandinu í samræmi löggjöfina sem þar gildir.

Fjölskyldubætur greiðast frá landinu sem greiðir lífeyrinn. Ef fleiri en eitt land greiða lífeyri hafa fjölskyldubætur búsetulandsins forgang ef það land greiðir lífeyri.

Fjölskyldubætur frá öðrum lífeyrislöndum greiðast sem viðbótarfjárhæð, ef bætunarnar eru hærri en í búsetulandinu.

Dæmi:

Lars hefur alltaf starfað og búið í Danmörku. Þegar hann verður ellilífeyrisþegi, 65 ára gamall, flytur hann til Svíþjóðar með 17 ára gömlum syni sínum. Ellilífeyririnn á að greiðast frá Danmörku. Það sama á við um

fjölskyldubæturar (barnabætur og sérstakar barnabætur). Hugsanleg læknishjálp og heilbrigðisþjónusta er veitt í Svíþjóð í samræmi við sænskar reglur.

Reglurnar um skattlagningu ellilífeyris í einstökum norrænum löndum, getur þú séð á norrænu skattsíðunni: www.nordisketax.net

Þegar ellilífeyrisþegi flytur til annars lands er mikilvægt að flutningur sé tilkynntur fyrirfram til þeirra stjórnvalda sem greiða lífeyrinn.

Félagsleg aðstoð og félagsleg þjónusta

Norrænir ríkisborgarar og aðrir sem hafa löglega búsetu í norrænu landi, falla undir Norðurlandasamninginn um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu. Samningurinn inniheldur m.a. ákvæði um möguleika á að fá félagslega aðstoð í dvalarlandinu og ákvæði um flutning til annars norræns lands fyrir einstaklinga sem þarfnast meðferðar eða umönnunar í lengri tíma.

Félagsleg aðstoð

Þú getur átt rétt á félagslegri aðstoð í dvalarlandinu í samræmi við reglur þess lands.

Umönnunarþörf og flutningur til annars norræns lands

Ef einstaklingur sem fellur undir samninginn þarfnast meðferðar eða umönnunar í lengri tíma og óskar eftir að flytja frá einu norrænu landi til annars, eiga hlutaðeigandi stjórnvöld í löndunum tveimur að vinna saman að slíkum flutningi, enda bæti hann stöðu viðkomandi einstaklings í lífinu. Það er forsenda að viðkomandi hafi sérstök tengsl við það land sem hann/hún óskar að flytja til.

Til að flutningur geti átt sér stað verða stjórnvöld í því landi sem flutt er frá og því landi sem flutt er til að vera sammála um eftirfarandi:

- að viðkomandi tengist landinu sem flutt er til sérstökum böndum
- að flutningurinn muni bæta stöðu viðkomandi einstaklings í lífinu og
- að aðkoma stjórnvalda sé nauðsynleg til að flutningur geti átt sér stað.

Stjórnvöld í löndunum tveimur hafa samstarfsskyldu til að reyna að vinna að flutningnum sem óskað er eftir. Það er þó engin trygging fyrir því að einstakir borgarar fái uppfyllta ósk sína um flutning.

Hvar finnur þú nánari upplýsingar?

Danmörk

○ **Um lífeyri og almennar upplýsingar:** www.dss.dk (Sikringsstyrelsen) og www.borger.dk

○ **Um viðbótarlífeyri vinnumarkaðarins (ATP):** www.atp.dk (Arbejdsmarkedets tillegspension)

○ **Um atvinnuleysi, sjúkradagpeninga og félagslega aðstoð:** www.adir.dk (Arbejdsdirektoratet)

○ **Um námsstyrki:** www.su.dk (Statens Uddannelsesstøtte) Finnland

○ **Um grunnlífeyri, sjúkratryggingar, endurhæfingu, foreldragreiðslur, fjölskyldubætur, atvinnuleysi, námsstyrki, aðstoð við fatlaða, húsnæðisstyrk:** www.fpa.fi (Kansaneläkelaitos, Kela)

○ **Um atvinnutengdan lífeyri** www.etk.fi (Pensionsskyddcentralen)

○ **Um vinnuslys:** www.vakes.fi (Olycksfallsförsäkringsanstaltens förbund)

○ **Um atvinnuleysisbætur sem byggja á tekjum:** www.tyj.fi (arbetslöshetskassornas samorganisasjon)

○ **Um félagslega aðstoð og opinbera heilbrigðisþjónustu:** www.stm.fi
(Social- och hälsovårdsministeriet) og www.kommunerna.net
Færeyjar

Um lífeyri, félagslega aðstoð og almennar upplýsingar:

www.almannastovan.fo (aðeins á færeysku)

Um atvinnuleysi og sjúkradagpeninga: www.als.fo (aðeins á færeysku)

Um fæðingarstyrk: www.barsil.fo (aðeins á færeysku)

Grænland

www.nanoq.gl (Grønlands Hjemmestyre)

Ísland

○ **Um lífeyri, sjúkratryggingar, sjúkradagpeninga, vinnuslys og almennar upplýsingar:** www.tr.is (Tryggingastofnun ríkisins)

Um atvinnuleysi: www.vinnumalastofnun.is (Vinnumálastofnun)

○ **Um fæðingar- og foreldraorlof:** www.faedingarorlof.is

Um lífeyrissjóði: www.ll.is (Landssamtök lífeyrissjóða)

○ **Um fjölskyldubætur:** www.rsk.is (Ríkisskattstjóri)

○ **Um námslán:** www.lin.is (Lánasjóður íslenskra námsmanna)

○ **Um félagslega aðstoð:** www.felagsmalaraduneyti.is (Félags- og tryggingamálaráðuneytið)

Svíþjóð

○ **Um lífeyri, sjúkradagpeninga, fjölskyldubætur, vinnuslys, o.fl.**

www.forsakringskassan.se (Försäkringskassan)

○ **Um atvinnuleysi:** www.iaf.se (Inspektionen för arbetslöshetsförsäkringen)

○ **Um félagslega aðstoð:** www.socialstyrelsen.se (Socialstyrelsen)

○ **Um námsstyrki:** www.csn.se (Centrala studiestödnämnden)

Noregur

○ **Um lífeyri, sjúkradagpeninga, fjölskyldubætur, vinnuslys, atvinnuleysi o.fl.** www.nav.no (Arbeids- og velferdsetaten)

○ **Um félagslega aðstoð:** www.shdir.no og www.fylkesmannen.no

○ **Um námstyrki:** www.lanekassen.no

Skattar og þjóðskrá á Norðurlöndunum

○ www.nordisketax.net/ (Felles nordisk skatteportal)

Atvinnuleit

○ <http://eures.europa.eu>

○ Noregur: www.eures.no eða www.nav.no

Samiðn – www.samidn.is

Gefur iðnaðarmönnum vottorð um staðfestingu á félagsaðild að stéttarfélagi. Hafðu samband við þjónustuskrifstofuna, sími 535 6000

Ókeypis námskeið hjá Norrænafélaginu - www.norden.is

Kenna fólki að flytja til Norðurlanda, nánari upplýsingar um skráningu fást hjá Ölmú Sigurðardóttur á skrifstofu Norræna félagsins og á www.norden.is.

Hallo Norden - www.hallonorden.org

Vinnumálastofnun - www.vinnumalastofnun.is

E-301 vottorð

Ef einstaklingur ætlar í atvinnuleit í öðru EES-landi er hægt að fá vottað að hann hafi verið atvinnuleysistryggður á Íslandi. Þetta er gert með því að sækja um E-301 vottorð með því að fylla út eyðublaðið E-301/N-301 og skila því til Vinnumálastofnunar/ Atvinnuleysistryggingasjóðs ásamt vottorðum frá þeim vinnuveitendum sem þú hefur verið hjá s.l. 3 ár Þetta er hægt hvort sem einstaklingur á rétt á atvinnuleysisbótum hér á landi eða ekki.

Ef starfað hefur verið í EES-landi er einnig ágætt að verða sér út um E-301 vottorð í því EES-landi sem starfað hefur verið fyrir heimkomu.

E-303 vottorð

Ef atvinnulaus einstaklingur ætlar í atvinnuleit til EES-lands getur hann að uppfylltum skilyrðum fengið heimild til að halda atvinnuleysisbótum sínum í allt að 3 mánuði meðan á atvinnuleitinni stendur og fengið þær greiddar í því landi sem hann ætlar að leita sér að vinnu.

Umsóknareyðublað um E-303. fæst hjá Vinnumálastofnun/ Atvinnuleysistryggingasjóði, Hafnarhúsi v/Tryggvagötu, 150 Reykjavík, www.vinnumalastofnun.is eða hjá svæðisvinnumiðlunum.

Tryggingastofnun - www.tr.is

Hvað er E 101

E 101 IS er vottorð um hvaða löggjöf skuli gilda. Vottorðið er einungis notað á Evrópska efnahagssvæðinu (EES svæðinu) og er vottorðið sönnun þess að starfsmaður falli undir íslenska almannatryggingalöggjöf meðan á erlendum starfstíma stendur. Vottorðið er einungis gefið út á launþegann eða sjálfstætt starfandi einstaklinginn. Maki og börn eru einnig tryggð í gegnum E 101 vottorðið svo framarlega sem maki er ekki í vinnu. Nafn maka og barna koma ekki fram á E 101 vottorðinu þó svo að þau falli undir trygginguna. Nöfn maka og barna eru hins vegar skráð í tryggingaskrá Tryggingastofnunar sem heldur utan um tryggingaréttindi viðkomandi starfsmanns. Með því að framvísa E 101 í starfslandi þá er viðkomandi starfsmaður/sjálfstætt starfandi undanþeginn því að greiða tryggingagjald til viðkomandi lands. Vottorðið á að koma í veg fyrir tvígreiðslu gjalda þannig að tryggingargjald sé einungis greitt á einum stað þar sem viðkomandi er skráður í almannatryggingar. E 101 vottorðið gæti þurft að framvísa hjá skattayfirvöldum í viðkomandi starfslandi eða hjá þeim aðila sem annast innheimtu tryggingagjalda. E 101 IS er gefið út á íslensku og gefa önnur EES lönd einnig út vottorð sín á sínu eigin tungumáli.

Hvað er E 106

E 106 IS er sjúkratryggingavottorð, sem er gefið út samhliða E 101 vottorði ef starfsmaður flytur fasta búsetu sína til starfslandsins. Starfsmaðurinn verður að skrá sig og sína fjölskyldu hjá þeim aðila sem annast sjúkratryggingar í viðkomandi landi sbr. leiðbeiningar á E 106 vottorðinu. Ef um skemmri tíma er að ræða þá getur viðkomandi einstaklingur/sjálfstætt starfandi notað Evrópska sjúkratryggingavottorðið EHIC kortið.